

Staða sérfræðings í fjármálum og rekstri

Dómsmálaráðuneytið óskar eftir að ráða sérfræðing til starfa á skrifstofu stefnumótunar og fjárlaga. Leitað er að einstaklingi sem hefur áhuga á að taka þátt í mótun nýrra vinnubragða með hópi áhugasamra starfsmanna við uppbyggingu nýs ráðuneytis.

Helstu verkefni:

- Rekstrarúttektir og greiningar
- Eftirlit með framkvæmd fjárlaga
- Samstarf og samvinna við stofnanir ráðuneytisins
- Stefnumótun og eftirfylgni stefna
- Árangursmælingar og skýrslugerð
- Samþætting opinberra stefna

Krafist er háskólamenntunar á sviði viðskipta, hagfræði eða sambærilegrar menntunar ásamt framhaldsmenntunar eða sambærilegrar reynslu.

Frekari upplýsingar um menntunar- og hæfniskröfur má finna á vefsíðu ráðuneytisins www.dmr.is eða á www.starfatorg.is

Nánari upplýsingar veitir Guðný E. Ingadóttir, mannauðsstjóri, í síma 545 9000.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Umsóknarfrestur er til 4. september nk.

Umsóknum skal skila rafrænt á netfangið starf@DMR.is merkt sérfræðingur.

Umsókn skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem umsækjandi gerir grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

Athygli er vakin á því að umsóknir munu gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Um fullt starf er að ræða.

Laun greiðast samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins og fjármálaráðherra.

